



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Fundargerð Skólanefnd

### 16.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 3. desember 2012

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Þórhalla Valgeirsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir og Friðrik Jakobsson. Sigríður Sigmundsdóttir sem fulltrúi foreldra í lið 2,3 og 4. Ingibjörg Hjördís Einarsdóttir frá tónlistarskóla sat lið 2. Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri sátu lið 2. Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri sat lið 4.

#### 1. Fundarsetning.

2. **Tónlistarskólinn.** Fjöldi í kórnum fór fram úr vonum. Svólítlar hreyfingar hafa verið á kórmeðlimum, aðalega þó í eldri. Verið er að vinna í tónfræði, samsöng og samspili. Samsöngur og samspil er á mánudögum hjá Hjördísi og þriðjudögum hjá Bóasi. Tónfræðinni verður komið á fót nú í desember en þá bara til að sjá hvar þau standa svo hægt sé að vinna markvisst eftir áramót. Tónfundur sem vera átti í nóvember var færður til janúar vegna veðurs og röskunar á skólastarfi. Skoða þarf með námsbækur fyrir næstu önn og hvort þær verði eign skólans eða nemenda.

#### 3. Reykjahlíðarskóli.

**A) Námsmat.** Nemendur verða venjulega skólatíma þá daga sem próf eru.

Atrenupróf eru próf þar sem nemendur fá öll próf í upphafi prófavíku og fá svo ákveðinn tíma á skólatíma til að vinna í prófunum. Þau fá svo miða í lok prófs þar sem þau geta skráð hjá sér það sem þau vilja athuga betur heima en mega svo ekki koma með hann til baka daginn eftir. Einnig eru þau að vinna svokallaðar verkmöppur þar sem verkefnum úr námsgreinum er safnað saman og ferli verkefna

er skráð.

**B) Vorferð 9. og 10. bekkjar.** Boð kom um þátttöku á Umhverfisráðstefnu 2.-6.júní.

Til að halda inni ferð inni Víðarborg þá er ráðgert að fara fyrir og þá þyrfti að færa skólaslit. Einnig er á dagskránni að enda í Kaupmannahöfn og fara þar í tívolí ofl. Fjáraflarnir ganga vel en endurskoðun er áætluð í janúar.

**C) Samræmd próf.** Niðurstöður úr samræmdum prófum verða ekki gefnar út opinberlega vegna fæðar. Nemendur úr Reykjahlíðarskóla stóðu sig með mikilli þryði.

**D) Íþróttakennsla.** Dagbjört hringdi og vildi leggja það til að gefinn yrði lengri tími til líkamsþrifa í lok íþróttakennslunnar. Ekki er hægt að stokka upp stundarskrá þetta skólaárið. Skoðað verður þegar byrjað verður á stundatöflugerð að lengja íþróttatímana og þá kannski að fækka í tvo daga.

4. **Leikskólinn Ylur.** Sumarið 2013. Þóra hefur ekki fengið tilkynningu um hvort farið verði í heilsársöfnun leikskólans Yls 2013.
5. **Skólastefna sveitafélagsins.** Friðrik mun senda á formanninn skólastefnunni og formaður dreifa henni til fundarmanna.
6. **Önnur mál.** Enginn önnur mál

**Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl.17:00**